

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Fiskeldisstöðin Galtalæk	27.09.18/11.10.18	Galtalæk, Hellu	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
480210-0930	30.11.2023	Nei	Landeldi, allt að 20 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			4-5 tonnum slátrað í ár og 5-6 í fyrra.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			3-4 mánuðir síðan rekstri var hætt (tímabundið) í stöðinni. Engin seiði farið inn um 2 ár.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Bæta þarf skráningar á plasti og öðrum úrgangi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Engin starfsemi er sem stendur en rekstraraðili sendi áætlanir í vefpósti.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er neyðaráætlun til staðar?	X			Sjá viðbragðsáætlanir.
-----------------------------	---	--	--	------------------------

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?		X		Handfóðrað 2x á dag.
Er skráning á losun fósíors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Engar mælingar hafa verið gerðar, en útreikningar út frá fóðurnotkun. Eftirlitsaðili hefur ekki séð þá útreikninga.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Enginn rekstur er í stöðinni sem stendur og því einungis um innrennslisvatn að ræða í frárennslis stöðvarinnar. Sjálfrennslis er í gegnum stöðina og er ekki að sjá óeðlilega slýmyndun, lykt eða uppsöfnun við frárennslisop út í viðtaka
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.		X		Engin hreinsun, frárennslis rennur beint í út í læk. Starfsleyfi krefst að lágmarki eins þrepa hreinsunar.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Ker standa á bakka læks, frárennslis rennur óhreinsað í Galtalæk sem rennur áfram í Ytri-Rangá.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar hafa verið gerðar.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		X		Lífrænn úrgangur urðarður á Strönd, engar kvittanir.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Á ekki við.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.			X	Á ekki við en mælingar þurfa að vera aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		X		Engar.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerð var athugasemd við að áhættumat og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og vöktunaráætlun vantar. Rekstraraðili ætlar að senda þessar áætlanir inn fyrir lok janúar 2017.

Samantekt:	<p>Áætlanir sem rekstraraðili áætlaði að senda inn fyrir lok janúar 2017 hafa nú borist Umhverfisstofnun.</p> <p>Ekki er rekstur í stöðinni sem stendur. Sjálfrennsli er á vatni og rennur það í gegnum stöðina. Ekki hefur verið gengið frá stöðinni á viðunandi hátt þar sem vatn flæðir yfir barma kerja.</p> <p>Tvö frávik komu fram frá starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.</p> <p>Frávik kom fram frá gr. 2.6 og gr. 3.1 í starfsleyfisskilyrðum, þar sem frárennsli er ekki hreinsað áður en það berst í viðtaka. Frávik frá gr. 2.3 og 2.8 þar sem ekki hefur verið gengið frá stöðinni á viðunandi hátt.</p> <p>Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir dauðfiski ásamt því að mæla losun efna út í umhverfið ef rekstur hefst aftur í stöðinni.</p>
Annað	<p>Rekstraraðila er einnig bent á að starfsleyfi krefst að lágmarki eins þreps hreinsunar á frárennsli og ganga þarf frá úrbótum á því aður en rekstur hefst aftur í stöðinni. Senda skal tilkynningu á ust@ust.is áður en rekstur hefst aftur í stöðinni. Á meðan starfsleyfi er í gildi mun Umhverfisstofnun hafa eftirlit með starfsseminni skv. gildandi eftirlitsáætlun og innheimt verður eftirlitsgjald skv. gjaldskrá stofnunarinnar, hvort sem rekstur er í gangi eður ei. Óski rekstraraðili eftir því að starfsleyfið verði fellt úr gildi skal senda um það formlegt erindi á Umhverfisstofnun, annað hvort á netfangið ust@ust.is eða með bréfpósti.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldisstöðin Galtalæk Galtalæk, Hellu



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	27.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldisstöðin Galtalæk	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hlíðarsmára 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480210-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Páll Einarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvær ábendingar og tvö frávik frá starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi komu fram við eftirlitið, er varða frárennsli og frágang á stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 2.6 og 3.1 í starfsleyfisskilyrðum	Frárennsli fer óhreinsað í viðtaka. Engin starfsemi er í stöðinni og því verður ekki farið í eftirfylgni vegna þessa fráviks. Rekstraraðila ber að gera fullnægjandi úrbætur á frárennslinu áður en rekstur hefst í stöðinni að nýju og tilkynna stofnuninni um upphaf reksturs með góðum fyrirvara.

Gr. 2.3 og 2.8 í starfsleyfisskilyrðum Ekki var gengið frá stöðinni á viðunandi hátt við rekstrarstöðvun.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir dauðfiski ef rekstur hefst aftur í stöðinni.

Rekstraraðila er einnig bent á að mæla losun efna út í umhverfið ef rekstur hefst aftur í stöðinni.

ANNAÐ

Rekstraraðila er bent á að starfsleyfi krefst að lágmarki eins þreps hreinsunar á frárennsli og ganga þarf frá úrbótum á því áður en rekstur hefst aftur í stöðinni. Senda skal tilkynningu á ust@ust.is áður en rekstur hefst aftur í stöðinni.

Á meðan starfsleyfi er í gildi mun Umhverfisstofnun hafa eftirlit með starfsseminni skv. gildandi eftirlitsáætlun og innheimt verður eftirlitsgjald skv. gjaldskrá stofnunarinnar, hvort sem rekstur er í gangi eður ei. Óski rekstraraðili eftir því að starfsleyfið verði fellt úr gildi skal senda um það formlegt erindi á Umhverfisstofnun, annað hvort á netfangið ust@ust.is eða með bréfpósti.

Reykjavík, 07.11.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir